

5. mars 2018  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 166 — 98. Mál.**

Kvenréttindafélag Íslands fagnar þessu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði.

Kvenréttindafélag Íslands vill þó koma á framfæri þeirri skoðun sinni að réttindum á vinnumarkaði eigi ekki að deila með öðrum og telur því eðlilegt að hvort foreldri um sig eigi sex mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Kvenréttindafélag Íslands vill einnig koma því á framfæri að nauðsynlegt sé að brúa bilið á milli þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð. Jafnvel eftir lengingu fæðingar- og foreldraorlofs sem um ræðir í þessu frumvarpi, stendur eftir eitt ár sem foreldrar hafa ekki tryggða daggæslu, og eitt og hálf tveggja ár fyrir einstæða foreldra.



---

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
frankvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands